

Alþingi
Erindi nr. P 125/1346
komudagur 30. 3. 2000

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umsögn Félags skógarbænda á Suðurlandi.


Stjórn Félags skógarbænda á Suðurlandi leggur áherslu á mikilvægi laga um mat á umhverfisáhrifum. Stjórnin fagnar fram komnu frumvarpi til breytinga á eldri lögum um það efni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nánast alvaldi Skipulagsstofnunar undir yfirstjórn Umhverfisráðherra, sem jafnframt úrskurðar í kærumálum skv. ákvæðum frumvarpsins. Slíkt vald er jákvætt í þeim skilningi, að það flýtir málsmeðferð, og gerir jafnframt miklar kröfur til faglegra og öfgalausra vinnubragða í umhverfismálum.

Fyrir þá, sem vinna að endurheimt landgæða í formi uppgræðslu lands og skógræktar, eru stærðarmörk í 1. tölulið í 2. viðauka áhyggjuefni. Krafa um mat á umhverfisáhrifum getur haft þann kostnað í för með sér, að ekki verður hægt að ráðast í framkvæmdina, en fjármagn til þeirra málaflokka, sem hér eru nefndir sérstaklega, hefur verið af skornum skammti. Því verður að fara hér með gát og taka tillit til íslenskrar víðáttu, ásamt með lagatexta, sem kemur í veg fyrir, að öfgafull sjónarmið, sem þola engar breytingar á íslensku náttúrufari, geti stöðvað framkvæmdir í uppgræðslumálum og skógrækt með kröfu um dýra fagvinnu varðandi mat á umhverfisáhrifum.

Gljúfri, 23. mars 2000.

F.h. Félags skógarbænda á Suðurlandi.


(Jón Hólm Stefánsson, formaður)